

ÍS 47 ehf.
Fagraholti 3
400 Ísafjörður

Reykjavík, 8. september 2021
UST202103-112/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 14.7.2021 hjá ÍS 47 ehf.

Þann 14. júlí sl. fór fram eftirlit í fiskeldi ÍS 47 ehf., Öfundarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Unnið hefur verið eftir samþykktri úrbótaáætlun vegna bætinga á skráningum í samræmi við starfsleyfi. Eftirlitsaðili mun taka framvindu aukinna skráninga út í næsta eftirliti.

Frávik vegna skila ársyfirlits vegna 2019 var skráð í eftirliti 2020. Fullnægjandi ársyfirliti var skilað þann 22. júní sl. og hefur frávikinu því verið lokað.

Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en þrjú frávik komu fram er varða:

1. gr. 3.2 í starfsleyfi. Ársyfirliti þar sem niðurstöður skráninga og mælinga skal skilað til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. **Fullnægjandi ársyfirliti var skilað 22. júní 2021 og er frávikinu því lokað.**
2. gr. 3.3 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi skal skila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. **Grænt bókhald v. ársins 2020 barst 20. maí sl. og frávikinu er því lokað.**
3. gr. 3.3 í starfsleyfi. Útstreymisbókhaldi skal skilað fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins árs. **Útstreymisbókhaldi vegna ársins 2020 var skilað 20. maí sl. Frávikinu er því lokað.**

Öllum þeim gögnum er vörðuðu framangreind frávik hefur verið skilað og telst því öllum þremur frávikunum lokið og engra frekari úrbóta krafist.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur